

Samningamál við Rauðakamb.

Á fundi sveitarstjórnar þann 5. Júlí var samþykkt af hálfu sveitarstjórnar sameiginleg viljayfirlýsing Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rauðakambs ehf um Þjórsárdalslaug og svæðið þar í kring. Á fundi 1. Ágúst samþykkti sveitarstjórn breytingu á samningi milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rauðakambs er varðar dagsetningar.:

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gerðar verði eftirfarandi breytingar á 3. gr. leigusamnings aðila dags. 13. september 2016:

a) Í stað orðanna „10. september árið 2017“ í 1. málslíð 4. mgr. 3. gr. komi orðin „10. september árið 2019“.

b) Dagsetningin 15. september 2017, í 2. tl. framkvæmdaáætlunar Rauðakambs ehf., dags. 10. september 2016, breytist í 10. september 2019, og ártalið 2019 kemur í stað ártalsins 2017 annarstaðar í tölulíðnum.

Á fundinum 1. Ágúst var einnig lögð fram lýsing deiliskipulags fyrir svæðið í Þjórsárdal. Því var vísað til skipulagsnefndar. Þar sem ekki er samþykkt aðalskipulag fyrir breytingunum er málið aftur hjá sveitarstjórn.

Verði tillaga samþykkt um að fela skipulagsfulltrúa að leggja fram aðalskipulagslýsingu samhljóða deiliskipulagslýsingunni ættu þær báðar að fara í ferli á næsta skipulagsnefndarfundum.

Ívar Pálsson lögfræðingur hefur viljað fara varlega í alsherjarsamning fyrr en vitað er nokkuð nákvæmlega hvað gera eigi. Ég er sammála honum um það.

Magnús Orri sækir á um að hafa eitthvað í höndunum til að geta samið við sitt bakland.

Lausnin felst í því að semja um verkefnið í nokkrum skrefum.

Fyrir fáeinum dögum hittust lögfræðingar samningsaðila og fóru yfir stöðuna. Samið var um að lögfræðingur Rauðakambs kæmi með tillögu að samningi um framvindu málsins.

23 08 2017

Skafti

